

ALLT

KYNNINGABLAÐ

FÖSTUDAGUR 28. maí 2021



Hér eru átta af tíu hljóðfæraleikurum sem taka þátt í tónleikumum 1. júní. Aftast: Rúnar Óskarsson, Sigurður Bjarki Gunnarsson, Frank Hammarin. Miðja: Richard Korn og Þórunn Ósk Marinósdóttir. Fremst: Una Sveinbjarnardóttir, Helga Bryndis Magnúsdóttir og Áshildur Haraldsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslensk gæðahráefni
fyrir þig



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
HREINN SAFI



www.celstus.is

Leikandi létt inn í vorið

Kammersveit Reykjavíkur hefur gegnt afar mikilvægu hlutverki í klassísku tónlistarsenunni á Íslandi í tugi ára og stendur nú fyrir glæsilegum tónleikum á þriðjudaginn.

Kammersveit Reykjavíkur er ein af elstu starfandi kammersveitum á landinu og var upphaflega stofnuð árið 1974 af þrettán glæstum hljóðfæraleikurum sem flestir voru nýkomnir heim til Íslands frá námi erlendis og störfuðu í Sinfóníuhljómsveit Íslands og við Tónlistarskólann í Reykjavík. „Í dag er enginn eftir af upprunalega hópnum í sveitinni en stutt er síðan síðasti meðlimur dró sig í hlé. Það er hún Rut Ingólfssdóttir. Það er afar gott að geta leitað til hennar þegar á þarf að halda enda hélt hún utan um reksturinn í marga áratugi og hefur reynst okkur, sem tókum við af henni, einstaklega vel,“ segir Rúnar Óskarsson, einn meðlimur

Kammersveitarinnar og klarín-ettu- og bassaklarínnettuleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Þessi frækna sveit mun halda tónleika á þriðjudaginn 1. júní klukkan 20.00 í Hörpu þar sem verða á dagskránni tvö verk sem hafa aldrei verið flutt áður á landinu, en að sögn Rúnar er það eitt af yfirlýstum markmiðum sveitarinnar að flytja verk sem mörg hver hefðu annars ekki verið flutt á Íslandi.

Sínir eigin framkvæmdastjórar
Upphaflegt markmið Kammersveitarinnar var að leggja áherslu á barokktónlist og tónlist 20. aldar, en einnig verk frá öðrum tímum og

gefa áheyrendum kost á að heyra verk sem sjaldan eða aldrei höfðu verið flutt á Íslandi. „Það má segja að þetta markmið sé enn við lýði. Kammersveitin leikur alltaf eina barokktónleika á ári og frumflytur nýja íslenska og erlenda tónlist á Myrkum músikdögum. Þess á milli er svo leikin kammertónlist frá ýmsum tímum, í smáum hópum sem stórum. Stærð hljómsveitarinnar er ekki föst og við komum fram í litlum sem stórum hópum, allt frá þremur hljóðfæraleikurum upp í 35. Þessi sveigjanleiki er mjög mikilvægur og leyfir okkur mikið frelsi í verkefnavali. Það er líka sérstada okkar að valið er algerlega í höndum hljóðfæraleikaranna

sjálfra. Við erum framkvæmdastjórn, hljóðfæraleikarar og rötárar hljómsveitarinnar.“

Huga skal að grasrótinni
Á þessum 47 árum sem Kammer-sveitin hefur starfað hefur hún haldið mörg hundruð tónleika, jafnt innanlands sem utan. Þá hafa margir kammerhópar komið og farið en Kammersveitin hefur staðið styrk á tónlistarsviðinu allan þennan tíma. „Við erum sérlega þakklát fyrir þennan stöðugleika sem nauðsynlegur er til að geta gert langtímaþlön. Einnig höfum við átt gifturíkt samstarf við Ríkisútvarpið í langan tíma sem tekur meira og minna upp alla



Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria
@frettabladid.is

okkar tónleika og sendir út á Rás 1. Þannig náum við til enn fleiri heldur en bara þeirra sem koma á tónleikana okkar.“

Kammersveit Reykjavíkur hefur gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku tónlistarlífi við að gefa ungu og efnilegu tónlistarfólki færi á að koma fram. „Það hefur verið eitt af aðalsmerkjum hljómveitarinnar að hleypa ungu fólki inn í sveitina bæði sem einleikurum og einnig sem meðlimum sveitarinnar. Sjálfur fékk ég til dæmis mín fyrstu tækifæri í atvinnumennsku strax á námsárunum með Kammersveitinni og kom fram sem einleikari og tók upp geislaplötu þar sem Kammersveitin kom mikið við sögu,“ segir Rúnar. Þá bætir hann við að það sé algerlega lífsnauðsynlegt að vera í góðu sambandi við tónskáld og aðra hljóðfæraleikara. „Kammersveitin tekur til dæmis stolt þátt í Myrkum músikdögum á hverju ári og frumflytur þar íslensk og erlend verk með íslenskum og erlendum einleikurum. Í ár ætl-uðum við að frumflytja tvö íslensk og eitt nýtt sænskt verk á hátíðinni, en það frestast fram í janúar 2022. Einnig er mjög mikil eftirspurn eftir því að skrifa ný verk fyrir okkur en því miður getum við ekki sinnt öllum þeim sem það vilja. Þá hefur hljómveitin mikið unnið með erlendum stjórnendum sem hafa komið með nýja strauma til okkar og lífgað upp á tónlistarlífið í landinu.“

Hljómveitin var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna 2020 sem tónlistarflytjandi ársins í sígildri og samtímatónlist. Hvaða þýðingu hefur þessi tilnefning fyrir sveitina?

„Íslensku tónlistarverðlaunin eru uppskeruhátíð íslenskra tónlistarmanna og auðvitað er alltaf gott að fá klapp á bakið eftir miklu vinnu. Á tónleikunum sem áttu mestan þátt í tilnefningunni fluttum við tvær kammersinfóníur. Annars vegar eftir A. Schönberg og hins vegar frumfluttum við á Íslandi kammersinfóníu eftir John Adams. Stjórnandi var Íslandsvinurinn Petri Sakari og þetta eru með eftirminnilegri tónleikum sem ég hef tekið þátt í með Kammersveitinni. Það er alltaf skemmtilegt þegar vel tekst til og tilnefningin var ánægjulegur lokahnykkur á þeim tónleikum.“

Vorlegir tónleikar þann 1. júní Kammersveit Reykjavíkur mun halda glæsilega tónleika í Norðurljósasal Hörpu þriðjudaginn 1. júní klukkan 20.00. Á dagskránni verða tvö spennandi verk sem aldrei hafa verið flutt á Íslandi áður; Mechanic Song fyrir píanó og blásarakvintett eftir franska tónskáldið og organistann Thierry Escaich



Stofnendur Kammersveitar í hléi á æfingu Sinfóniunnar í Laugardalshöll í júní 1974. Graham Tagg, Jón H. Sigurbjörnsson, Lárus Sveinsson, Rut Ingólfsdóttir, Hans Ploder, Kristján Stephensen, Gunnar Egilsson, Sigurður Markússon, Jón Sigurðsson, Helga Ingólfsdóttir, Stefán Stephensen og Pétur Þorvaldsson.



Kammersveitin býður reglulega ungu og efnilegu tónlistarfólki að spila með hljómveitinni sem einleikarar eða sem hluti af bandinu. Oktett Kammersveitar kom fram á Barnamenningarhátíð 2014. Bandið skipaðu Rikki á kontrabassa, Rúnar á fagott, Guðrún á víolu, Helga Þóra á fiðlu, Sigurgeir á selló, Joe á horn, Una á fiðlu og Arngunnur á klarineti.



Hér má sjá Kammersveitina í Ásmundarsafni árið 2015.

og Nonetto fyrir blásarakvintett og strengi eftir Nino Rota. „Hið fyrrnefnda ætluðum við að flytja á Myrkum músikdögum 2021 en vegna faraldursins var þeim tónleikum frestað fram á næsta ár. Þegar við stóðum frammi fyrir þessari staðreynd ákváð sveitin að skella í nýja tónleika sem allra fyrst. Við ákváðum strax að hafa tónleika í styttri kantinum, án hlés. En sökum ástandsins mega áheyrendur ekki fara fram í hléi og þurfa að vera með grímu alla tónleikana.

Það var líka skemmtilegt að verkefnavalið kom fullmótað til okkar á fáeinum mínútum. Vanalega tekur svona ákvörðun nokkuð langan tíma vegna þess að í Kammersveitinni ríkir lýðræði og allir hafa sínar skoðanir, óskir og

væntingar. Í þetta sinn gekk þetta óvenju hratt fyrir sig og við erum sérlega ánægð með að fá að vera með Íslandsfrumflutning á báðum þessum verkum. Mechanic song samdi Escaich árið 2006. Þetta er sérlega aðgengilegt nútímavark, mjög krefjandi fyrir hljóðfæraleikarana og höfum við hlakkað lengi til að fá að spila þetta loksins. Þess má geta að Escaich kom hingað sjálfur til lands og lék á orgel í Hallgrímskirkju 2018,“ segir Rúnar.

Seinna verkið á tónleikunum, Nonetto, er eftir Nino Rota sem er þekktastur fyrir kvikmyndatónlist sína. „Rota samdi meðal annars tónlistina í Guðföðurnum en er einnig þekktur fyrir ýmislegt annað. Nonetto er mjög skemmtilegt verk sem einkennist af leikandi léttum laglínunum sem leiða

okkur inn í vorið og vonandi nær fólk að gleyma sér í þessa klukkustund sem tónleikarnir vara og njóta þeirra í botn.“

Hvernig hefur Covid-árið komið við Kammersveitina?

„Við höldum fjóra viðburði á hverju ári og í fyrra vorum við svo heppin að við þurftum bara að hætta við jólatónleikana okkar. Allir aðrir tónleikar smullu einhvern veginn inn þegar losað var um samkomutakmarkanir. Í ár var Myrkum músikdögum frestað tvisvar og verða ekki fyrr en í janúar 2022. Á þessum tíma árs erum við oftast búin að halda tvenna tónleika en næstu tónleikar okkar þann 1. júní verða þeir fyrstu á árinu. Við krossum bara fingur með framhaldið.

Nú stefnum við á þrenna tónleika í haust, meðal annars stóra kammertónleika í lok september þar sem tveir tengdasynir Íslands koma fram með hljómveitinni, tenórinn Stuart Skelton og Frank Hammarin hornleikari í Sinfóníu-hljómveit Íslands.“

Ráðast í útgáfu

Kammersveitin hefur gefið út á fjórða tug geisladiska. „Það er orðið nokkuð síðan sveitin réðst síðast í útgáfu en það stendur allt til bóta. Á teikniborðinu liggur ný geislaplata með verkum eftir Huga Guðmundsson. Covid-ástandið hefur aðeins frestað okkar plönum en við stefnum á að ljúka upp-tökum næsta vetur. Svo er kannski ágætt að ljóstra því upp hér til að auka pressuna að það eru líka hugmyndir um að leika inn á nýjan jólabarokkdisk, en jólatónleikar sveitarinnar eru án efa alltaf vinsælustu tónleikar okkar.“ ■

Náttúrulegt & öflugt fyrir góða meltingu



Viltu losna við bjúg & uppþembu?

Róandi meltingarblanda sem inniheldur hreint engifer & íslensk fjallagrös.



Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun og flestum stórvörumörkuðum.

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarféni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **Ábyrgðarmaður:** Björn Viglundsson

Sölumenn: **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652. **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654. **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656. **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umjónarmenn efnis: **Elin Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördis Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



GARDLIST

ALHLIÐA
GARÐÞJÓNUSTA
Í ÁSKRIFT

GARDLIST.IS

☎ 554-1989

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

MARÁS

TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR



Léttir Fyrirferðalítillir Hjólátillir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is | www.accountant.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta. Málum hverskonar mannvirki innan sem utan. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Nánari upplýsingar 891 9890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllum almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

RUNARMURARI.IS

Tröppuviðgerðir, Húsviðgerðir, Pakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Atvinna

LEITAR AÐ STARFSMANNI

Starfslýsing
Almenn skrifstofustörf og skjalavinnsla

Góð þekking á fasteignaviðskiptum er kostur. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 2. júní

Áhugasamir senda tölvupóst með ferilskrá á hannes@fastlind.is

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Einkamál

HRESS KARLMADUR Á BESTA ALDRI ÓSKAR EFTIR AÐ KYNNAST KVK

Mig langar að kynna konu um 60+ sem er til í að hittast yfir kaffibolla, fara í gólf og fl. Vera með opinn hug varðandi framhaldið ef að bæði hafa áhuga.

Endilega hafið samb. í s. 823 6593

Til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Tilkynningar

Deiliskipulagsbreyting

Breyting á deiliskipulagi Suðurlafnar í Hafnarfirði, Óseyrarbraut 26B og 26

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 18.05. 2021 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna Óseyrarbraut 26B og 26 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Hafnarstjórn staðfesti ákvörðun skipulags- og byggingarráðs þann 19.05. 2021. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að kvöð um að eignarhald á lóðunum sé á einni hendi verði felld niður. Byggingarreitur lóðar nr. 26B verði stækkaður og mörkuð er ný aðkoma inn á þá lóð. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er óbreytt.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns 1. áfanga í Hafnarfirði, Móhella 1

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18.05. 2021 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Móhella 1 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðarinnar er stækkaður og innkeyrsla er færð til. Jafnframt er bundin byggingarlína felld niður. Nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði Norðurhelli 2, frá 28.05 til 9.7.2021. Einnig er hægt að skoða tillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar hfj.is/skipulag.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna. Skal þeim skilað á skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en 9.7.2021 eða skriflega í þjónustuver.

Hafnarfjörður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Vá hvað mig langar í heitan pott!

Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
Okkar vinsælustu pottar til á lager!

Sígurlaug	Gvendarlaug	Grettislaug	Gelslaug	Unnarlaug	Snorrallaug
124.500 kr.	177.000 kr.	239.000 kr.	257.000 kr.	285.000 kr.	278.000 kr.

NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —